



Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Drög að samningi við Heimili kvikmyndanna

Hjálögð eru drög að samningi við Heimili kvikmyndanna um viðbótarstuðning frá Reykjavíkurborg til að fjármagna leigusamning vegna Bíó Paradísar að Hverfisgötu 52. Sem kunnugt er rennur núverandi leigusamningur eigenda umrædds húsnæðis við Heimili kvikmyndanna út núna í júní. Hefur það sett starfsemi Bíó Paradísar í uppnám þar sem leigusalar boðuðu umtalsverða hækkun á leigu.

Heimili kvikmyndanna hefur náð niður leiguverðinu og ákveðið að framlengja samninginn við eigendur hússins. Hér er lagður til viðbótarstuðningur vegna þessa samanber meðfylgjandi drög að samningi. Miðað er við að Heimili kvikmyndanna fái annan eins stuðning frá ríkinu.

Í bókun menningar-, íþróttá – og tómstundaráðs frá 13. janúar 2020 segir að ráðið telji mikilvægt að leitað verði leiða til að Bíó Paradís haldi starfsemi sinni áfram í miðborginni. Er þessi samningur lagður til á grundvelli þeirrar bókunar.

Arna Schram

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:
Drög að samningi við Heimili kvikmyndanna ses

Reykjavíkurborg kt. 530269- 7609 annars vegar,
og Heimili kvikmyndanna ses, kt. 58081 0120 hins vegar, gera með sér eftirfarandi

SAMNING

um stuðning Reykjavíkurborgar við Heimili kvikmyndanna ses vegna húsnæðis Bíó Paradísar við Hverfisgötu 52.

1. gr. Markmið

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð bókaði á fundi sínum 13. janúar 2020 að það teldi mikilvægt að leitað yrði leiða til að Bíó Paradís héldi starfsemi sinni áfram. Í bókuninni er jafnframt áréttað að ráðið telji að Bíó Paradís við Hverfisgötu hafi öðlast sess sem mikilvæg menningarstofnun í Reykjavík. Bíóið hafi meðal annars verið vettvangur fyrir vinsælar kvikmyndahátíðir, menningarsamstarf við önnur lönd og skólasýningar fyrir grunnskólanemendur. Megin markmið með samningi þessum er að tryggja starfsemi Bíó Paradísar í miðborg Reykjavíkur líkt og kallað er eftir í fyrrnefndri bókun. Verði hagnaður af rekstri Bíós Paradísar verður honum varið í þágu þessa markmiðs og skal Bíó Paradís því halda honum til ráðstöfunar, en verði halli á starfseminni skal stjórn Heimilis kvikmyndanna afla styrkja og tekna á móti frá öðrum aðilum.

2. gr. Forsaga

Sjálfseignarstofnunin Heimili kvikmyndanna var sett á laggirnar í ágúst 2010. Stofnaðilar voru Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félag kvikmyndagerðarmanna, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík og Félag kvikmyndaunnenda. Tilgangur Heimilis kvikmyndanna samkvæmt samþykktum er að standa fyrir sýningum á listrænum og sígildum kvikmyndum, dreifingu kvikmynda og stuðla að eflingu kvikmyndamenntunar í íslensku skólakerfi. Til að ná tilgangi sínum rekur Heimili kvikmyndanna kvikmyndahúsið ,Bíó Paradís við Hverfisgötu 52 í Reykjavík.

Í júní 2020 rann leigusamningur Heimili kvikmyndanna við eigendur hússins út. Til að skjóta áframhaldandi stoðum undir rekstur menningarkvikmyndahússins í miðborg Reykjavíkur, hefur sjálfseignarstofnunin Heimili kvikmyndanna valið að framlengja leigusamninginn við leigusala að Hverfisgötu 52. Leigan á húseigninni við Hverfisgötu 52 getur þó ekki orðið að veruleika án stuðnings borgar og ríkis. Miðað er við að viðbótarstuðningur ríkis vegna leigunnar verði sambærilegur stuðningi borgarinnar.

3. gr. Starfsemi og markmið Bíó Paradísar

Húsakynni Bíó Paradísar tryggi sér áframhaldandi sess sem hjarta kvikmyndamenningar í Reykjavík, aðsetur kvikmyndahátíða og kvikmyndahús sem leggur sérstaka áherslu á að kynna innlendar og erlendar listrænar kvikmyndir með breiðri skírskotun til aldurs- og þjóðfélagshópa.

Bíó Paradís verði samvinnuvettvangur sem flestra þeirra sem koma að kvikmyndamálum í landinu og efla samstöðu meðal kvikmyndagerðarmanna, -unnenda, stofnana og félaga á sviði kvikmyndamála og dreifingaraðila kvikmynda.

Bíó Paradís sérhæfir sig í sýningum á nýjum listrænum kvikmyndum og eldri klassískum kvikmyndum í þeim tilgangi að efla mannlíf og kvikmyndamenningu í borginni.

Bíó Paradís mun sýna íslenskra kvikmyndir og heimildarmyndir reglulega og reyna eftir fremsta megni að efla hag íslenskrar kvikmyndamenningar.

Bíó Paradís býður nemendum á kvikmyndasýningar á skólatíma, skólum að kostnaðarlaus með það að markmiði að efla kvikmyndalæsi nemenda, meðal annars myndlæsi, myndþroska og áhuga á kvikmyndasögu. Undirbúningur hvers sýningarárs þar á meðal val kvikmynda og tengd námsgögn, verði unnin í nánú samstarfi Bíó Paradísar og Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og tryggt að sýningar, kynningar og námsefni verði undirbúið af fagfólki.

4. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Samningur þessi tekur gildi 2. júlí 2020 og er framlag Reykjavíkurborgar 6,5 mkr á þessu ári samkvæmt samningi þessum og 13 mkr samkvæmt samningi þessum frá og með árinu 2021 til 2024 og 6,5 mkr. til 1. Júlí 2025 sem greiðist í 12 jöfnum greiðslum yfir árið.

5. gr. Kynningarmál

Bíó Paradís ber ábyrgð á markaðssetningu kvikmyndahússins og að kynna Reykjavíkurborg sem kvikmyndaborg og áhugaverða menningarborg. Á öllu kynningarefni Bíó Paradísar jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Bíó Paradís sé styrkt af Reykjavíkurborg.

Bíó Paradís skal gæta þess að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar kvikmyndahúsið er kynnt í fjölmiðlum, þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

6. gr. Ábyrgð

Heimili kvikmyndanna ses. ber ábyrgð á rekstri Bíó Paradísar og að það fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Heimili kvikmyndanna ses. ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Heimili kvikmyndanna ses. er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

7. gr. Samskipti og eftirlit

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Heimili kvikmyndanna ses. um Bíó Paradís. Samráðsfundir aðila samnings þessa skulu haldnir í maí ár hvert, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur Heimilis kvikmyndanna ses. að áherslum Bíós Paradísar fyrir komandi starfsár. Heimili kvikmyndanna ses. skilar á samráðsfundi áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og árituðum ársreikningi fyrra árs.

8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Heimili kvikmyndanna ses. hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Heimili kvikmyndanna ses hefur sýnt fram á að hún muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþótta og tómstundaráðs 13. Janúar 2020 og gildir frá undirritun til 1. júlí 2025. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Heimilis kvikmyndanna ses

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

